

Starfsreglur greiningardeildar Capacent

Starfsreglur þessar eru settar með vísan til 2. mgr. 3. gr. reglna nr. 1013/2007 um opinbera fjármálaráðgjöf.

Allir starfsmenn greiningardeildar Capacent (óháð starfshlutfalli) skulu, með sannanlegum hætti, fá eintak af starfsreglum þessum við upphaf starfa.

1. Starfsmenn greiningardeildar Capacent skulu ekki eiga verulegan hlut í neinu því verðbréfi sem greiningardeild Capacent verðmetur. Með verulegum hluta er átt við yfir 0,01% af útgefnu hlutafé.
2. Starfsmönnum greiningardeildar Capacent er óheimilt að eiga viðskipti með verðbréf tveimur vikum fyrir útgáfu verðmats.
3. Starfsmenn greiningardeildar Capacent þurfa í upphafi hvers árs eða eigi síðar en 31. mars ár hvert að tilkynna framkvæmdastjóra Capacent um allt eignarhald í skráðum félögum og verðbréfi viðskipti ársins.
4. Starfsmenn greiningardeildar skulu víkja eða láta aðra starfsmenn sjá um verðmat ef hagsmunatengsl eru til. Þannig skal gæta þessa óhæði gagnvart því félagi sem verðmat beinist að hverju sinni sé hafið yfir allan vafa, bæði í raun og ásýnd. Þannig skal starfsmaður gæta þess að upplýsa ábyrgðarmann greiningardeildar um önnur tengslu sem kunna að vera til staðar en í gegnum eignarhald á verðbréfi, t.d. í gegnum fjölskyldutengsl og/eða nána vináttu við stjórnanda/stjórnendur þess félags sem verðmat beinist að og/eða ráðandi eiganda/eigendur.
5. Til að tryggja sjálfstæði greiningardeildar skal aldrei lægra hlutfall en 50% af kostnaði deildarinnar vera tryggt með áskriftartekjum eða sjálfafla fé. Afkoma deildarinnar er því ekki háð afkomu annarra sviða til að tryggja sjálfstæði.
6. Vinnuskjöl deildarinnar skulu ávallt vera á lokuðu skjalavistunarsvæði sem aðeins starfsmenn greiningardeildar hafa aðgang að.
7. Starfsmönnum greiningardeildar ber eftir fremsta megni að kanna áreiðanleika allra upplýsinga sem settar eru fram. Þeir skulu jafnframt gæta þess að hverju sinni sé þess gætt að staðið sé undir þeim gæðakröfum sem gerðar eru hverju sinni til úrvinnslu, framsetningar og yfirferðar á verðmötum áður en þau eru kynnt viðskiptavinum greiningardeildar .
8. Forstöðumaður greiningardeildar skal hafa lokið prófi í verðbréfi viðskiptum samkvæmt 53. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Það skal vera í verkahring forstjóra að tryggja daglega eftirfylgni við reglur þessar í störfum greiningardeildar.

Starfsreglur þessar skulu koma til endurskoðunar árlega og á þeim gerðar þær breytingar sem gagnlegar teljast til þess að stuðla að traustri og öryggri starfsemi greiningardeildar sem og að hún standist hverju sinni þær kröfur sem til hennar eru gerðar skv. lögum og reglum.

Þannig staðfestar af framkvæmdastjóra Capacent ehf. þann 1. mars 2019